

Fundur fræðslunefndar vegna Undralands haldinn 29. Október 2015. Eftitaldir sátu fundinn.

Helgi Jóhannesson, Jón Bjarnason, Halldóra Halldórsdóttir, Fríður Sæmundsdóttir og Freyja Þorkelsdóttir. Bjarney Vignisdóttir boðaði forföll.

Helgi formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1 Skýrsla skólustjóra. Halldóra flutti eftirfarandi skýrsla:

## Skýrsla leikskólustjóra

- ❖ Fram að áramótum verður barnafjöldinn í leikskólanum 34 börn. Þrjár umsóknir hafa borist um leikskólavist frá áramótum og ein frá 1.mars. Aðeins er um eina undanþáguumsókn að ræða. Ljóst er að fjölga verður starfsfólki um áramótin, einn starfsmann þarf í 100% stöðu á Móakot og einnig verður að ráða inn einn starfsmann aukalega á Skógarkot í 65% stöðu vegna sérstakra aðstæðna. Okkur hefur þegar borist ein starfsumsókn.
- ❖ Gréta Gísladóttir hefur sagt starfi sínu lausu frá og með áramótum og verðum við að auglýsa eftir deildarstjóra.
- ❖ Valdís fór í veikindaleyfi 19. okt. og kemur líklegast aftur um miðjan desember. Guðbjörg heldur áfram hjá okkur eftir að Elma kemur úr vettvangsnáminu og verður í 53% þar til Valdís kemur aftur. Sérkennsla liggur niðri á meðan.
- ❖ Þvottavélin bilaði og var viðgerðin það kostnaðarsöm að það borgaði sig að kaupa nýja. Gamla vélin var ekki nema þriggja ára, ekki var það nú góð ending.
- ❖ Börnin hafa verið að fara á bókasafnið í litlum hópum. Þar fá þau að kynna bókasafninu, skoða bækur og svo les Áslaug bókasafnsvörður fyrir þau. Slakandi og góðar stundir bæðir fyrir börn og starfsfólk 😊.
- ❖ Á fimmtudögum förum við með öll börn leikskólans í íþróttahúsið. Þær stundir eru gefandi og eflandi fyrir alla.

- ❖ Í þessari viku og í þeirri næstu erum við með nema, í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands, hana Guðbjörgu Gunnarsdóttur og kemur hún frá leikskólanum Álfaborg í Reykholti.
- ❖ Starfsfólk leikskólans skundaði á Haustþing 8.deildar FL og FSL og voru mjög ánægðar með fyrirlestrana. Það er alltaf gott að fara og hitta kollega sína og ræða málin.
- ❖ Við höfum verið að tileinka okkur uppeldisfræðilegar skráningar og hver deild fær eina klukkustund á viku til að undirbúa sig, vinna úr og ígrunda skráningarnar. Til þess að efla alla kennara leikskólans þá fengum við, nú í október, mjög góðan fyrirlestur um skráningar og fengum við góða innsýn í það hvernig vinna má með þær.

Til að útskýra betur hvað uppeldisfræðilegar skráningar eru þá segir í *Aðalnámskrá leikskóla* að leikskólakennari þurfi að ætla sér tíma til uppeldislegra skráningar og athugana, bæði með einu barni og í barnahóp. Skráningar geta gefið leikskólakennaranum upplýsingar um hvað barnið kann, hvernig það lærir og hvernig það hugsar. Með skráningum getur leikskólakennarinn stuðlað að því að gera þekkingu barnanna í leikskólanum sýnilegri. Skráningar gefa einnig börnunum tækifæri til að endurupplifa, skoða og túlka. Þær styrkja minni og gefur börnunum einnig kost á að skoða eigin framfarir.

Skráningarnar gera sögu skólans skil fyrir foreldra og aðra sem koma í heimsókn og gerir daglegt starf skólans sjáanlegt. Þegar skráning er notuð á þann hátt, sýnir hún foreldrum hvernig kennarar hlusta og sinna börnum þeirra, stuðla að vellíðan þeirra og þróa áhugamál hjá börnunum, skráning er einnig öflugt tæki til að mynda traust samband milli foreldra og kennara. Skráning býður uppá sjálfsmat leikskólakennarans og er sérlega góður grunnur að uppeldislegri umræðu á milli kennara.

- ❖ Endurskoðun skólanámskrár leikskólans hefst nú í nóvember. Starfsfólkinu var skipt í tveggja manna teymi og fengu teymin ákveðna kafla til að yfirfara. Vonumst við til þess að þessi vinna þjappi okkur enn betur saman og geri starf okkar enn betra og sýnilegra.

## 2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Skólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Málið var rætt, farið yfir rekstrarstöðu yfirstandandi árs og borið saman við tillögu næsta árs. Skólanefnd leggur til að liðurinn vörukaup hækki úr 2,3 mill í 2, 5 mill. Utanaðkomandi breytingar á faglegu umhverfi leikskólans kalla á aukna endurmenntun starfsfólks og stjórnenda og því er þessi hækkun lögð til. Að öðru leyti samþykkir skólanefnd tillöguna. Hún gerir ráð fyrir hækkun launakostnaðar um ca 10 milljónir, en aðrir rekstrarliðir breytast lítið milli ára. Heildarniðustaða rekstrarins er áætlaður rúmar 80 milljónir.

## 3. Gjaldskrá leikskólans fyrir árið 2016.

Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá fyrir vistun var lögð fram:

Gjald fyrir vistun 1 dag í viku ▼		Gjald pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku. ▼	Gjald forgangshópa fyrir vistun 1 dag í viku. ▼	Gjald forgangshópa pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku. ▼	Gjald fyrir vistun 1 dag í viku með 10% álagi ▼	Gjald pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku með 10% álagi . ▼
736	1 klst.	3.680	552	2.760	809	4.045
2.943	4 klst.	14.715	2.207	11.035	3.235	16.175
3.678	5 klst.	18.390	2.759	13.795	4.044	20.220
4.414	6 klst.	22.070	3.311	16.555	4.853	24.265
5.150	7 klst.	25.750	3.862	19.310	5.662	28.310
5.885	8 klst.	29.425	4.414	22.070	6.471	32.355

### Afsláttur á vistunargjöldum:

Annað barn 25% afsláttur.

Þriðja barn 100% afsláttur.

Forgangshópar 25% afsláttur.

### Matarkostnaður á dag:

Morgunhressing 72 kr.

Síðdegishressing 110 kr.

Hádegismatur 335 kr.

Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur sem barn er sótt of seint sem byrjar að líða 10 mínútum eftir lok vistunartíma. Gjaldið er 523 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mín.

Hægt er að kaupa aukavistun hjá deildar- aðstoðar- og leikskólastjóra, ef **mannafli leyfir**, þá kostar hver klukkustund 736 kr.

### Vistunartímar leikskólans

4 tíma vistun. 8:00-12:00 / 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00 / 9:00-14:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00 / 9:00-15:00

7 tíma vistun. 8:00-15:00 / 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00

Skólanefnd leggur til að gjaldskrá vegna fæðis í leikskólanum verði óbreytt milli ára og að í framtíðinni verði fæðiskostnaður í leikskóla lægri en í grunnskóla. Að öðru leyti er lagt til að tillagan verði óbreytt.

#### 4. Umbótaáætlun.

Halldóra kynnti umbótaáætlun sem unnin var á grundvelli innra mats / foreldrakönnunar. Skólanefnd samþykkir áætlunina og verður hún birt á heimasíðu skólans.

5. Beiðni um undanþágu vegna barns yngra en 18 mánaða. Viðkomandi barn verður 13 mánaða gamalt við upphaf leikskólagöngu. Skólanefnd samþykkir undanþágubeiðnina.

6. Trúnaðarmál fært í trúnaðarbók.

7. Halldóra kynnti upplýsingabækling á vinnslustigi sem er liður í kynningarvinnu fyrir nýbúa í sveitarfélaginu.

8. Trúnaðarmál fært í trúnaðarbók.

9. Fríður lagði fram til kynningar erindi til sveitarstjórnar frá nýskipuðu foreldraráði um lækkun leikskólagjalda í áföngum, þannig að eftir 5 ár verði vistun elsta árgangs gjaldfrjáls. Skólanefnd hvetur sveitarstjórn til að skoða málið með opnum huga og leita leiða til að koma til móts við foreldra með einhverjum hætti.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:30